

Auglýsing um friðland í Svarfaðardal.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Svarfaðardalsá í Eyjafirði neðanverða, ásamt bökkum og óshólmum, og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:

Vesturmörk: Fremri takmörk friðlandsins eru landamerki Tjarnar annars vegar og Jarðbrúar og Grundar hins vegar. Niður að vestan allt til sjávar eru mörkin sem hér segir: Meðfram Húsabakka og Tjarnarbörðum og Lækjarklauf neðan Tjarnartúns. Þaðan norður og í gegnum allar Ingvaramýrar er stór affallsskurður marklína allt að merkjum Helgafells. Gegnum Helgafellsland fylgir línun gömlum reiðgötum, sem liggja skammt vestan við ána í beygjuni. Frá merkjum Syðra-Holts fylgja mörkin línu, sem hugsast dregin skáhallt í suðurenda neðsta N-S skurðar neðan Ytri-Holts túns. Þaðan fylgir hún skurðinum allt að merkjum Hrafnstaða. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs og fylgir hún nú börðum í gegnum Hrafnstaða- og Hrafnstaðakotsland allt upp að þjóðveginum milli nefndra bæja. Á stuttum kafla norður af Gultjörn er vegurinn markalínan. Frá Gultjörn fylgja mörkin hugsaðri skálínu, sem dregin er í punkt 10 m vestan við Árgerðisbrú. Norður með Árgerðistúni er markalínan í 10 m fjarlægð frá ánni, en síðan taka við börðin í gegn um gamla Böggvisstaðaland neðan við Ásgarð, en síðan vélgrafinn skurður neðan við þjóðveginn alltt að beygju, sem á honum er neðan við Vegamót. Úr beygjuni eru mörkin eftir hugsaðri línu skáhallt norð-austur eftir Flæðunum í punkt 10 m neðan við Áburðargeymslu. Þaðan til sjávar yfir sandinn í stefnu á Hrólfsker.

Austurmörk: Skógarreiturinn á Hánefsstöðum markar fremsta hluta friðlandsins að austanverðu, allt að merkjum Sökku (Ölduhryggjar). Þaðan í gegnum allt Sökkuland er þjóðvegurinn markalínan, en Skáldalækjarmelar þegar þeir taka við skammt norðan við landamerkin. Þegar melunum sleppir norðan Skáldalækjar er þjóðvegurinn aftur markalínan í gegnum land Hamars á örstuttum kafla, en síðan Hrísaland allt að vegamótum Skíðadals- og Ólafsfjarðarvegar. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs. Norðan vegarins fylgir hún girðingu, sem skilur tún og bithaga á Hrísum austan Hrísatjarnar þar til sú lína mætir melnum í Hrísa höfða austan við Norð-austurhorn tjarnarinnar. Frá þessum punkti eru mörk friðlandsins hugsuð skálína dregin í miðjan árs Svarfaðardalsár við sjóinn.

Uppdráttur, er sýnir mörk friðlandsins, fylgir með auglýsingu þessari.

Um friðland þetta gilda eftirfarandi reglur:

Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár.

Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna).

Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins.

Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr

þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því. Gangandi mönnum og ríðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nýttjar landsins.

Umsjón með friðlandinu er í höndum þriggja manna. Skulu náttúruverndarnefndir Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurkaupstaðar tilnefna einn mann hvor, en [Umhverfisstofnun] hinn þriðja, og er hann formaður.

Til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 399/1972 um friðland í Svarfaðardal.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980

Ingvar Gíslason

Birgir Thorlacius